

**Nd.**

## **271. Fyrirspurn**

til dómsmálaráðherra um varðbátakaup.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Telur ríkisstjórnin, að þeir þrír bátar, sem keyptir voru í Englandi á s. l. sumri, fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til skipa, er stunda eiga landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi við strendur Íslands? Hvaða upplýsingar hefur dómsmálaráðherra að gefa um útbúnað og hæfni þessara báta til fyrrgreindra starfa?

Hefur sú athugun farið fram á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, sem ríkisstjórninni var falin með þingsályktun á síðasta Alþingi?

### **Greinargerð.**

Fyrir skömmu eru komnir hingað til lands þrír bátar, sem ríkisstjórnin keypti í Englandi fyrir frumkvæði dómsmálaráðherra og að ráði forstjóra Skipaútgærdar ríkisins, sem sendur var til Englands til þess að athuga möguleika á kaupum hentugra skipa til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa við strendur Íslands.

Þegar bátar þessir höfðu verið afhentir Íslendingum, kom í ljós, að því er sjómenn og aðrir skynbærir menn telja, að mjög virðist bresta á, að þeir fullnægi þeim vonum, sem menn gerðu sér um þá.

Fyrirspurn þessi er borin fram til þess, að hæstv. dómsmálaráðherra, sem forustu hefur haft um þessi bátakaup, geti gefið Alþingi og þar með þjóðinni sannar og réttar upplýsingar um báta þessa og hæfni þeirra til þeirra nauðsynjastarfa, sem þeim hafa verið ætluð. Er mjög æskilegt að fá slíkar upplýsingar vegna alls konar fregna, sem þegar eru á kreiki um hæfni þeirra eða, réttara sagt, óhæfni. Enn fremur er æskilegt, að ríkisstjórnin geri það upp við sig í tíma, hvort bátarnir verði notaðir í fyrrgreindum tilgangi, svo að unnt sé að gera aðrar ráðstafanir, t. d. selja þá og afla nýrra, ef þeir að athuguðu máli þykja ekki henta.

Að lokum er í fyrirspurn þessari spurt, hvað líði þeirri heildarathugun á fyrirkomulagi landhelgisgæzlu og björgunarstarfa, sem síðasta Alþingi fól ríkisstjórninni með þingsályktun að framkvæma. Í umræðum um þá þingsályktun hét hæstv. dómsmálaráðherra því að hraða þessari athugun eftir föngum. Er því ekki óeðlilegt, þótt nú sé grennslazt eftir því, hvað máli þessu líði.